

Ed. **895. Frumvarp til laga** [255. mál]
um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærrí en 20%.
2. Viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1978.